

# Nesfréttir

APRÍL 2022 • 4. TBL. • 35. ÁRG. • [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

Erum einnig á [visir.is](http://visir.is)



Vesturbæjarútibú við Hagatorg



Þórdís Erla Zoëga myndlistarmaður var útnefnd bæjarlistamaður Seltjarnarness 2022 við hátíðlega athöfn á Bókasafni Seltjarnarness föstudaginn 25. mars sl. Á myndinni eru ásamt Þórdísi, Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og Guðrún Jónsdóttir formaður menningarnefndar Seltjarnarnesbæjar. Sjá nánar á bls. 6 og 12.

**Opið**  
**8-24**  
alla daga  
Á EIÐISTORGI  
**HAGKAUP**

**Betri bær fyrir börn**

**XS**  
Seltjarnarnes

**Velkomin  
á Grandann**

Nú **sækjum** við og  
**skilum** bílnum



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is) • Opið mánudaga–föstudaga kl 8–16:30



Fáðu lyfin send heim  
**FRÍTT**

REYKJAVÍKUR  APÓTEK

Héðinshúsinu Seljavegi 2 | 522 8400

FAGLEG RÁÐGIÖF • LYF • SNYRTIVÖRUR • HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

## Leiðari

### Að sækja á ríkið

Þrjú framboðslistar verða til bæjarstjórnarkosninga á Seltjarnarnesi. Listi Sjálfstæðisflokksins, listi Samfylkingarinnar og óháðra og listi Framtíðarinnar.

Kosningabaráttan er rétt að hefjast. Frídagvikurnar sem helgast af páskum og fyrsta sumardegji hafa tafið baráttuandann eða ef til vill heft hann.

Sundum er sagt að kosningar til sveitarstjórna snúist um að vilja gera allt og gera það strax. Þannig hafa kosningaloforð oft hljómað víða um land.

Sveitarstjórnnum eru á hinn bóginn settar takmarkaðar skorður af löggjafans hálfu til að láta pólitískar óskir stjórna gjörðum sínum. Sveitarstjórnarmál snúast einkum um rekstur þeirrar grunnþjónustu sem sveitarfélögum er lögboðið að sinna.

Á undanförunum árum hafa fleiri og fleiri málum verið ýtt til sveitarfélaganna. Slíkt kynni að vera af hinu góða ef fjármunir hefðu fylgt með. Það hefur ekki orðið af ríkisins hálfu.

Því verður baráttumál margra ef ekki allra nýkjörinna sveitarstjórna að sækja á ríkið um viðunandi rekstraraðstæður. Í dag eru þær ekki fyrir hendi.

## Íbúáþing um skólamál



Myndir voru teknar á íbúáþingunni.

Velheppnað íbúáþing um skólamál á Seltjarnarnesi var haldið í Valhúsaskóla á laugardaginn. Þátttakan var góð með afar líflegum og uppbyggilegum umræðum.

Unnið var í vinnuhópum sem skiluðu af sér fjölda gagnlegra ábendinga sem nú verður unnið áfram með. Öllum sem þátt tóku er sérstaklega þakkað fyrir að leggja sitt af mörkum við endurmótun menntastefnu bæjarins fyrir skóla- og frístundastarf. Baldri Pálssyni, Hildigunni Gunnarsdóttur og Sigrúnu Eddu Jónsdóttur sem höfðu veg og vanda að skipulagningu íbúáþingsins eru einnig þakkir færðar fyrir alla umsýsluna og mjög góða vinnu sem og Jóni Torfa Jónassyni sem hélt stutta hugvekju í upphafi þingsins.



www.systrasamlagid.is



### Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttínga- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðavottun frá Bilgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.



Hafðu samband núna

Droghóls 6-8 567-0690 tjon@tjon.is www.tjon.is

### Við þjónustum allar gerðir bíla

#### Tjónaskoðun

Við skoðum bíllinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingarféлага.

#### Rétting og málnun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaeigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum



1. Guðmundur Ari Sigurjónsson



2. Sigurþóra Bergsdóttir



3. Bjarni Torfi Álfþórsson



4. Karen María Jónsdóttir

## **Betri bær fyrir okkur öll**

### **Samfylking og óháðir vilja byggja upp betri bæ fyrir börn með því að:**

- Tryggja gott húsnæði og skólalóðir á öllum skólastigum sem styður við fagstarf, skólaþróun og vellíðan barna og starfsfólks. Ráðast í uppbyggingu á nýjum leikskóla og stórbæta skólalóð Grunnskóla Seltjarnarness.
- Taka markviss skref strax við að innleiða farsældarfrumvarpið í þjónustu við börn á Seltjarnarnesi. Því fylgir aukin áhersla á snemmtækan stuðning við börn, markviss úrræði og betri yfirsýn sem tryggir að ekkert barn falli á milli kerfa og öll börn fái tækifæri til að blómstra.
- Skapa framúrskarandi umhverfi fyrir börn til að stunda íþróttir og fjölbreytt tómstundastarf með því að hækka tómstundastyrk upp í 75.000 krónur á hvert barn 5 ára og eldri og snúa við niðurskurði í félagsmiðstöðinni Selinu og forvarnarmálum.

### **Samfylking og óháðir vilja byggja upp öflugan og lifandi miðbæ með því að:**

- Endurskipuleggja Eiðistorg með svipuðum hætti og gert var á Garðatorgi. Þar var bílastæðið rammað betur inn með nýjum húsum þar sem verslun er á jarðhæð og íbúðir á efri hæðum. Bílastæði eru færð neðanjarðar að hluta, íbúum fjölgar og ný og spennandi verslunarrými verða til sem snúa beint út á götu.
- Íbúðirnar sem rísa á miðbæjarsvæðinu eiga að vera fjölbreytt blanda af húsnæði sem hentar fyrstu kaupendum, fjölskyldufólki sem og eldri borgurum sem vilja minnka við sig.

### **Samfylking og óháðir vilja byggja upp betri bæ fyrir eldri borgara með því að:**

- Efla þjónustu við eldri borgara í nærumhverfinu og vinna stefnumótun utan um þjónustu við eldri borgara sem unnin verður í samráði við íbúa, öldungaráð og félag eldri borgara á Seltjarnarnesi.
- Styðja við og efla íþrótt- og tómstundastarf eldri borgara með það að markmiði að gefa eldri borgurum á Seltjarnarnesi tækifæri til að rækta líkama og sál í öflugri aðstöðu og góðum félagsskap.



**XS**

**Seltjarnarnes**

# Fullbúinn leikskóli á haustmánuðum 2024

Gert er ráð fyrir að nýr leikskóli á svokölluðum Ráðhúsreit verði fullbúinn á haustmánuðum 2024. Nýtt deiliskipulag er nú á lokametrunum og styttest í að farið verði í lokahönnun á nýjum leikskóla. Þór Sigurgeirsson segir að frambjóðendur á lista Sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi hafi hug á að vinna út frá verðlaunatillögu Andríms arkitekta í smækkaðri mynd samhliða því sem endurbætur verða gerðar á húsnæði Sólbrekku og Mánabrekku.

Þór segir að hugmyndin sé að ný leikskólabygging rúmi sex til átta deildir og verði um 1200 fermetrar að stærð. Sólbrekka og Mánabrekka eru um 1300 fermetrar til samanburðar. Samanlagt ættu byggingarnar að rúma um 300 leikskólabörn og aðstaða og aðbúnaður starfsfólks og barnanna verða stórbætt um leið. Hann segir mikilvægt að útfærslan verði unnin í nánú samstarfi við stjórnendur leikskólans og að þeir verði með í ráðum í hönnunarferlinu. Þessu til viðbótar verði Ungbarnaleikskóli Seltjarnarness áfram starfræktur í gamla Mýrarhúsaskóla.



Hugmynd að nýjum leikskóla á Seltjarnarnesi.

## Fyrsta skóflustungan um leið og hönnunarferli er lokið

Í dag eru um 230 leikskólapláss í boði í bænum og börn hafa fengið leikskólavist að hausti frá 14 mánaða aldri. Stefnt er því að með nýrri glæsilegri leikskólabyggingu verði hægt að

færa inntökualdurinn niður í 12 mánuði, þegar fæðingarorlofi sleppir, og leikskólinn geti auk þess annað aukinni þörf vegna fjölgunar íbúa með tilkomu Gróttubygðar. Þór segir að samkvæmt hugmyndum Sjálfstæðismanna muni ný bygging passa inn í aðalskipulag og ættu því ekki að verða neinar tafir á að hægt sé að hefjast handa nú þegar við lokahönnun.

## Byggt að vinningstillögunni

Tillagan byggir sem fyrr segir á vinningstillögunni en er mun hagkvæmari auk þess sem kolefnisspor er umtalsvert minna en ef þær byggingar sem eru fyrir yrðu fjarlægðar. Gert er ráð fyrir að nýja leikskólabyggingin verði á tveimur hæðum, verði um 1200 fermetrar að stærð með möguleika á enn frekari stækkun og að áætlaður kostnaður sé liðlega einn milljarður króna. Sjálfstæðismenn stefna á að fyrsta skóflustungan verði tekin um leið og hönnunarferli er lokið og að leikskólinn verði fullbúinn á haustmánuðum 2024. Á fundi bæjarstjóra þann 7. apríl var samþykkt að fela bæjarstjóra að hefja undirbúning flutnings Fögrubrekku svo hægt sé að undirbúa byggingu nýs leikskóla á Ráðhúsreitnum.

## AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



WWW.ASWE.GROW.IS  
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

## Þrjú framboð á Nesinu

D	A	S
Sjálfstæðisflokkur	Framtíðin	Samfylking og óháðir
Þór Sigurgeirsson	Kari Pétur Jónsson	Guðmundur Ari Sigurjónsson
Ragnhildur Jónsdóttir	Áslaug Ragnarsdóttir	Sigurþóra Bergsdóttir
Magnús Örn Guðmundsson	Björn Gunnlaugsson	Bjarni Torfi Álfþórsson
Svana Helen Björnsdóttir	Árný Hekla Marinósdóttir	Karen María Jónsdóttir
Dagbjört Oddsdóttir	Guðbjörn Logi Björnsson	Guðmundur Gunnlaugsson
Hildigunnur Gunnarsdóttir	Anna Þóra Björnsdóttir	Eva Rún Guðmundsdóttir
Örn Viðar Skúlason	Garðar Svavar Gíslason	Björg Þorsteinsdóttir
Grétar Dór Sigurðsson	Hildur Aðalsteinsdóttir	Stefán Árni Gylfason
Hannes Tryggvi Halstein	Georg Gylfason	Bryndis Kristjánsdóttir
Guðmundur Helgi Þorsteinsson	Halla Helgadóttir	Stefán Bergmann
Hákon Róbert Jónsson	Vilmundur Jósefsson	Magnea Gylfadóttir
Inga Þóra Pálsdóttir	Marta Hrafnadóttir	Ólafur Finnbogason
Guðmundur Jón Helgason	Páll Árni Jónsson	Hildur Ólafsdóttir
Ásgerður Halldórsdóttir	Katrín Pálsdóttir	Árni Emil Bjarnason

Þrjú framboðslistar verða til bæjarstjórnarkosninga á Seltjarnarnesi 14. maí næst komandi.

Þeir eru listi Sjálfstæðisflokksins sem hefur listabókstafinn D, S-listi Samfylkingar og óháðra sem hefur listabókstafinn S og listi Framtíðarinnar með listabókstafinn A. Yfirkjörstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur staðfest lögmati listanna.



# TÍMI TIL AÐ BREYTA

*Kjarkur  
Gleði  
Fagmennska*

## *Framtíðin mun:*

- Stöðva hallarekstur og skuldasöfnun bæjarins
- Veita fagfólki skólanna bjargir sem þarf til að komast aftur í fremstu röð
- Veita foreldrum leikskólabarna valfrelsi um leikskóla
- Brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla fyrir haustið 2024
- Byggja nýjan miðbæ á Seltjarnarnesi með 120 nýjum íbúðum
- Færa Seltjarnarnesi gleði og kraft að nýju



**FRAMTÍÐIN**

## **Sumarhátíð Framtíðarinnar**

Golfskálanum föstudaginn 29. apríl kl.17.  
Hittið frambjóðendur, njótið frábærra skemmtikrafta og ljúfra veitinga.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir

# **Þórdís Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2022**



Þórdís Erla Zoëga bæjarlistamaður Seltjarnarness 2022.

Þórdís Erla Zoëga myndlistarmaður var útnefnd bæjarlistamaður Seltjarnarness 2022 við hátíðlega athöfn á Bókasafni Seltjarnarness föstudaginn 25. mars 2022.

Þetta í 26. sinn sem bæjarlistamaður Seltjarnarness er útnefndur en Menningarnefnd Seltjarnarness sér um val bæjarlistamanns ár hvert. Í heiðursathöfninni veitti Guðrún Jónsdóttir formaður menningarnefndar Þórdísi Erlu viðurkenningarskjal ásamt starfsstyrk að upphæð 1.000.000 kr. sem fylgir nafnbótinni.

Rætt er við Þórdísi Erlu í miðopnu Nesfrétta.



Frá athöfninni á Bókasafni Seltjarnarness.

# **Höfði malbikar Nesveginn**

Samið hefur verið við Malbikunarstöðina Höfða hf. um malbikun á Nesvegnum.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og Ásberg K. Ingólfsson framkvæmdastjóri Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf undirrituðu samning um malbikun á Nesvegnum en verkið hafði verið boðið út í mars sl. Vinnan mun hefjast fljótlega en verkinu á að vera lokið í maí.



Á myndinni má sjá Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra, Ásberg K. Ingólfsson framkvæmdastjóra Malbikunarstöðvarinnar Höfða, Pétur Vilberg Guðnason hjá Strengingi og Brynjar Þór Jónasson sviðsstjóra Skipulags- og umhverfissviðs.



## **Nýtt strætóskýli við Suðurströnd**

Nýtt strætóskýli hefur verið tekið í notkun við Íþróttamiðstöðina við Suðurströnd. Ekkert skýli hefur verið við stoppistöðina í um tvö ár en gamla skýlið fauk í óveðri sem gekk yfir landið í febrúar árið 2020.

EKKI reyndist unnt að koma nýju skýli með LED-auglýsingaskilti fyrir á sama stað og tafði það endurreisn þess. Var þá gripið til þess að ráðs að færa skýlið um set eða suður fyrir íþróttavöllinn. Nýja staðsetningin virkar vel og er sýnileg í Strætó-appinu. Nú geta gestir íþróttamiðstöðvarinnar og aðrir bæði eftir strætó á mun öruggari stað en áður.



# Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraráðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

# Sumarið er í næsta nágrenni... ...og Nesdekk líka!

Réttu dekkin draga fram bestu  
eiginleika bílsins og veita  
hámarks öryggi.

Fáðu ráðleggingar fagmanna  
við val á réttum dekkjum.



**Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn  
og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is**

# Traust fjárhagsstaða og bjartir tímar á Nesinu

- grunnrekstur styrktist um 135 milljónir milli ára

Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2021, sem undirritaður var af bæjarstjóra og vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn á fundi bæjarráðs fimmtudaginn 7. apríl, sýnir verulegan bata á rekstri og sterka fjárhagsstöðu bæjarins. Rekstur A hluta bæjarins fyrir afskriftir og fjármagnsliði skilaði 82 mkr. afgangi samanborið við 53 m.kr. halla árið 2020. Er þetta bati upp á 135 mkr. Þá er grunnreksturinn 129 mkr. betri en áætlanir fyrir 2021 gerðu ráð fyrir.

Rekstrarniðurstæða af A sjóði fyrir breytingu á lífeyrisskuldbindingu er halli upp á 128 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir 194 mkr. hallarekstri vegna yfirstandandi Covid faraldurs sem nú sér loks fyrir endann á. Betri rekstrarniðurstæða en áætlun gerði ráð fyrir skýrist af hærri tekjum, einkum útsvarstekjum sem voru 200 mkr. yfir áætlun. Skatttekjur A hluta námu 3.615 mkr. og hækkuðu um 6,2% frá síðasta ári. Laun og launatengd gjöld námu um 2.823 mkr. og hækkuðu um 2,5%. Annar rekstrarkostnaður var töluvert hærri en áætlun gerði ráð fyrir, nam 1.799 mkr. og hækkaði um tæp 8,6%. Skýrist kostnaður umfram áætlun að miklu leyti af aðgerðum vegna Covid faraldursins og má þar nefna m.a. lokun sundlaugar, aukin þríf og launakostnað. Rekstrarhalli A og B sjóðs nam tæpum 530 mkr. á síðasta ári en gert var ráð fyrir 136 mkr. króna halla samkvæmt fjárhagsáætlun. Afkoma af

grunnrekstri er góð og fer batnandi, en 455 mkr. einskíptis gjaldfærsla á lífeyrisskuldbindingu í ársreikningi samkvæmt reikningsskilareglum gefur ekki rétt mynd af niðurstöðu. Gjaldfærslan hefur ekki áhrif á sjóðstreymi og þ.a.l. ekki áhrif á útgjöld bæjarins tilgrunnþjónustu. Ef sleppt er að taka tillit til hækkanar á lífeyrisskuldbindingu nam halli A og B sjóðs rúmlega 73 mkr. en spáð var halla upp á 106 mkr. þar sem tekið var tillit til kostnaðar vegna Covid.

## Veruleg hækkan lífeyrisskuldbindingar

Í þessu sambandi er ástæða til þess fara yfir hvað eru lífeyrisskuldbinding? Lífeyrisskuldbinding eru uppsöfnuð áunnin réttindi þess fólks sem starfað hefur hjá sveitarfélaginu á undanförunum áratugum og koma til greiðslu á næstu áratugum. Skuldbindingin var uppreiknuð af tryggingastærðfræðingi um áramótin og lagði hann til að skuldbinding myndi hækka um rúmar 500 mkr. þar sem réttindi fólks höfðu hækkað meðal annars vegna breytinga á lífslíkum, launahækkana og verðbóluspá næstu ára. Því varð hækkanin um áramótin svona há, rúmar 500 mkr. sem gjaldfærð var í rekstrarreikningi ársins 2021. Þessi fjárhæð kemur til greiðslu á næstu þrjátíu árum eða svo. Þetta er skuldbinding miðað við þann fjölda sem nú fær og mun fá greiðslu frá lífeyrissjóðnum næstu áratugi.

## Lífeyrisskuldbindingar fela ekki útstreymi í sér

Ég hef verið þeirrar skoðunar að þessa skuldbindingu eigi að gera grein fyrir í skýringum, en ekki færa inn í rekstrarreikninginn þar sem ekki er um útstreymi fjármagns að ræða eins og annar rekstrarkostnaður

ber með sér. Þessi færsla sýnir ekki rétta mynd á sama tíma og reksturinn gekk vel á liðnu ári. Gjaldfærð lífeyrisskuldbinding ársins nemur eins og áður sagði 455 mkr. vegna verulegra breytinga sem gerðar eru á forsendum útreiknings skuldbindingarinnar að tillögu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Breytingin felst m.a í hækkan á lífslíkum og launahækkunum og þar með áunnum réttindum sjóðsfélaga sem fá greiðslur úr B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Ljóst er að endurskoða þarf hvernig þessi breyting er sett inn í ársreikning sveitarfélaga.

## Litlar skuldir skapa svigrúm

Fjárhagsstaða bæjarins er sterk. Langtímaskuldir A sjóðs nema 2.933 mkr. og jukust um 400 mkr. á árinu og langtímaskuldir samstæðu nema



Ásgerður Halldórsdóttir.

## UMHVERFISDAGAR

Á SELTJARNARNESI 29. APRÍL - 5. MAÍ 2022

Seltirningum gefst kostur á að setja trjágreinir og jarðvegsúrgang í gáma á fimm stöðum í bæjarfélaginu frá 29. apríl – 5. maí nk.

Gámarnir verða staðsettir við Smábátahöfnina, á horni Lindarbrautar og Norðurstrandar, Eiðistorgi, Austurströnd 1 (bílaplan) og við Sæbraut 2 (bílaplan). Við hvetjum jafnframt bæjarbúa til að huga að umhverfinu og tína upp rusl í bæjarlandinu.



SELTJARNARNESBÆR  
UMHVERFISNEFND





um 3.439 mkr. Á móti langtímaskuldum A sjóðs kemur núvirt krafa á ríkið vegna hjúkrunarheimilisins Seltjarnar að upphæð 1.056 mkr. sem lækkar skuldaviðmið.

### Skuldaviðmið

Skuldaviðmið Seltjarnarnesbæjar var 80% í árslok en var 65% árið 2020. Lögbundið hámark er 150%. Seltjarnarnesbær á kröfu á Reykjavíkurborg að upphæð liðlega 600 mkr. vegna fimleikahúss sem getið er um í skýringum með ársreikningi. Kröfur á ríki og Reykjavíkurborg eru því um helmingur af langtímaskuldum bæjarins. Gert er ráð fyrir frekari lántöku vegna byggingar nýs leikskóla á þessu ári en það er í raun síðasta stóra innviðafjárfestingin á næstu árum. Veltufé samstæðu nam 353 mkr. en veltufé segir til um getu bæjarins til að greiða af lánnum og ráðast í fjárfestingar.

### Uppbygging og viðspyrna framundan

Framundan eru bjartari tímar. Hafist var handa við byggingu búsetukjarna fyrir fatlaða einstaklinga á árinu auk annarra framkvæmda. Atvinnuleysi stóð í 9,6% í upphafi síðasta árs, var liðlega 6% um miðbik ársins en var komið í 3,4% á Seltjarnarnesi í árslok. Samfara lágu atvinnuleysi, fólksfjölgun og hagvexti munu útsvarstekjur styrkjast verulega á komandi misserum. Gert er ráð fyrir að íbúum muni fjölga um 50 með tilkomu fyrsta áfanga Gróttubyggðar en þeir eru í dag 4.720.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri



SELTJARNARNESBÆR

# AUGLÝSING UM FRAMBODSLISTA VIÐ SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR Á SELTJARNARNESI 14. MAÍ 2022. ÞESSIR LISTAR ERU Í KJÖRI:

## D-listi Sjálfstæðisflokkur

Pór Sigurgeirsson  
070467-8369, Bollagörðum 15, Sölu- og verkefnastjóri

Ragnhildur Jónsdóttir  
141179-3659, Látraströnd 19, Hagfræðingur og varabæjarfulltrúi

Magnús Örn Guðmundsson  
280578-4959, Melabraut 27, Forseti bæjarstjórnar

Svana Helen Björnsdóttir  
201260-2489, Kolbeinsmýri 14, Verkfræðingur

Dagbjört Oddsdóttir  
050785-2629, Barðaströnd 12, Lögmaður

Hildigunnur Gunnarsdóttir  
091158-4189, Melabraut 40, Uppeldis- og menntunarfræðingur

Örn Viðar Skúlason  
291065-4579, Unnarbraut 18, Hagverkfræðingur og fjárfestingastjóri

Grétar Dór Sigurðsson  
270282-7179, Miðbraut 4, Hæstaréttarlögmaður

Hannes Tryggvi Hafstein  
060978-4849, Lindarbraut 8, Framkvæmdastjóri

Guðmundur Helgi Þorsteinsson  
101262-4489, Eiðismýri 4, Framkvæmdastjóri og ráðgjafi

Hákon Róbert Jónsson  
250176-4579, Hrólfskálamel 6, Verkefnastjóri

Inga Þóra Pálsdóttir  
260701-2230, Selbraut 11, Háskólanemi

Guðmundur Jón Helgason  
140953-2619, Hrólfskálamel 8, Fv. flugumsjónarmaður

Ásgerður Halldórsdóttir  
060656-5929, Bollagörðum 1, Bæjarstjóri

## S-listi Samfylking og óháðir

Guðmundur Ari Sigurjónsson  
120988-2479, Miðbraut 18, Verkefnisstjóri

Sigurþóra Bergsdóttir  
210372-5399, Nesvegi 123, Framkvæmdastjóri

Bjarni Torfi Álfþórsson  
080560-3709, Látraströnd 2, Framkvæmdastjóri

Karen María Jónsdóttir  
101275-5319, Miðbraut 1, Skapandi stjórnandi

Guðmundur Gunnlaugsson  
100886-2949, Kirkjubraut 19, Rekstrarstjóri

Eva Rún Guðmundsdóttir  
100887-2669, Melabraut 46, Táknmálstúlkur

Björg Þorsteinsdóttir  
120581-4069, Grænumýri 18, Grunnskólakennari

Stefán Árni Gylfason  
220703-2660, Sævangörðum 12, Framhaldsskólanemi

Bryndís Kristjánsdóttir  
090354-4939, Sævangörðum 22, Leiðsögumaður

Stefán Bergmann  
020742-4889, Hamarsgötu 2, Fv. dósent

Magnea Gylfadóttir  
101067-5569, Látraströnd 20, Fótaaðgerðafraeðingur

Ólafur Finnbogason  
060766-5339, Melabraut 2, Starfspr.og öryggisstjóri

Hildur Ólafsdóttir  
030378-5479, Bollagörðum 53, Verkfræðingur

Árni Emil Bjarnason  
260548-2639, Skólabraut 7, Prentsmiður

## A-listi Framtíðin

Karl Pétur Jónsson  
300869-3279, Barðaströnd 5, Bæjarfulltrúi

Áslaug Ragnarsdóttir  
220182-5099, Miðbraut 3, Framkvæmdastjóri

Björn Gunnlaugsson  
030269-4039, Miðbraut 17, Kennari

Árný Hekla Marínósdóttir  
090481-5849, Austurströnd 10, Leikskólakennari

Guðbjörn Logi Björnsson  
100279-5179, Tjarnarmýri 37, Verkefnastjóri

Anna Þóra Björnsdóttir  
130962-5649, Unnarbraut 14, Verslunareigandi

Garðar Svavar Gíslason  
020669-3499, Melabraut 22, Viðskiptafræðingur

Hildur Aðalsteinsdóttir  
310769-4799, Melabraut 22, Sérkennari

Georg Gylfason  
130594-2479, Skerjabraut 1, Blaðamaður

Halla Helgadóttir  
041076-3809, Víkurströnd 5, Sálfræðingur

Vilmundur Jósefsson  
240849-7399, Eiðistorgi 5, Fv. framkvæmdastjóri

Marta Hrafnisdóttir  
010568-4639, Miðbraut 1, Háskóla- og grunnskólakennari

Páll Árni Jónsson  
051050-8199, Nesbala 78, Tækni-fræðingur

Katrín Pálsdóttir  
250151-4119, Hrólfskálamel 16, Hjúkrunarfræðingur

# Gaman að taka þátt í leiksýningunni

- segja þau Hildur María og Steinar Thor sem bæði leika í Langelstur að eilífu í Gaflaraleikhúsinu

Tveir Seltirningar taka þátt í barnaleikritinu Langelstur að eilífu sem var sett á svið í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði 15. janúar sl. Langelstur að eilífu er byggt á samnefndri barnabók um Eyju og vin hennar Rögnvald eftir Bergrúnu Írísí Sævarsdóttur. Bókin hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki barna- og ungmennabóka árið 2019 en fyrri bækurnar tvær, Langelstur í bekknum og Langelstur í leynifélaginu voru báðar tilnefndar til Fjöruverðlaunanna þegar þær komu út.

Krakkarnir sem leika í Langelstur að eilífu eru: Hildur María Reynisdóttir sem er í 3. bekk í Mýró og Steinar Thor Stefánsson sem einnig er í 3. bekk í Mýró. Hildur segir áhugamál sína vera leiklist, fótbolti, leika við vinkonur og fara til útlanda og Steinar nefnir leiklist, lestur, handbolta og læra á píanó. Þau segja að leikriti fjalli um gamlan mann sem heitir Rögnvaldur sem er búinn að vera í 90 ár í fyrsta bekk eða frá því að hann var sex ára. Svo kemur stelpa í bekkinn sem heitir Eyja og þau verða bestu vinir. Hildur María og Steinar Thor leika bekkjarsystkini Eyju og Rögnvaldar og eru í fyrsta bekk.

## Vera á sviði og eignast góða vini

Hvað finnst þeim skemmtilegast við það að taka þátt í leikritinu. Hildur segir að eignast góða vini og sýna á sviði og Steinar bætir við að það sé skemmtilegt að leika fyrir framan fólk og eignast nýja vini. Þegar þau voru spurð um uppáhalds



Hildur María Reynisdóttir t.v. og Steinar Thor Stefánsson.



atriði í leikritinu nefndu þau bæði karóki dansinn og Hildur nefndi einnig lokaatriðið. Uppáhaldslög þeirra í leikritinu eru Stafróslagið og Besti dagur í heimi. Þau segja að hægt sé að hlusta á lögina bæði á Spotify og YouTube.

## Stundum stressandi – frekar fyrir sýningar

Stóra spurningin er ef til vill sú hvernig þeim líður þegar þau standa á sviðinu og sýna fyrir framan áhorfendur. Hildur segir að það sé gaman en líka stundum stressandi. Steinar segir að það sé frekar stressandi fyrir sýningu en þegar



Frá barnaleikritinu Langelstur að eilífu.

sýningin sé í gangi þá fari stressið og sér líði vel. Þau segja bæði að það erfiðasta í sýningunni sé að syngja og dansa í einu. Þau mæla með því fyrir aðra krakka að taka þátt í leiksýningum. Það sé gaman og þar eignist maður nýja vini. Að lokum hvetja þau alla að skella sér í Gaflaraleikhúsið á leikritið Langelstur að eilífu. Miðasala er á tix.is. Hlökkum til að sjá ykkur öll í leikhúsinu segja þau Hildur María og Steinar Thor að lokum. Hægt er hægt að sjá umfjöllun um leikritið og hverjir listrænir stjórnendur og aðrir leikarar eru á <https://www.visir.is/g/20212184893d>.


## SNYRTUM GRÓÐUR VIÐ LÓÐARMÖRK

Fjölbreyttur garðagróður fegrar umhverfi Seltjarnarness og veitir íbúum skjól í gördum sínum. Þar sem gróðurinn vex ár hvert er nauðsynlegt að huga vel að því að hann vaxi ekki út fyrir lóðarmörk eða slúti þannig yfir að hætta stafi af.

Gróður getur slegist í gangandi og hjólandi vegfarendur með tilheyrandi hættu á slysum. Einnig geta greinar skyggt á umferðarmerki, götumerkingar eða jafnvel götulýsingu.

Snyrta þarf gróður og klippa þannig að hvers konar umferð gangi greiðlega. Best er að gera það þegar tré og runnar eru ekki lafuguð og greinabygging því vel sýnileg.

**Stöndum saman um að minnka hættur í umhverfi okkar.**



SELTJARNARNESBÆR  
UMHVERFISNEFND

# Söfnuðu fyrir flóttafólk frá Úkraínu



Krakkarnir í 5.TRG. Adam, Amelia, Dóra, Emil Freyr, Emil Kári, Emillía, Eyvör, Frosti, Gísli, Harpa, Ísadóra, Katrín, Marías, Óskar, Styrmir, Tryggvi og Vigdís.

Krakkarnir í 5.TRG í Mýrarhúsaskóla hafa safnað yfir 100 þúsund krónum fyrir flóttafólk frá Úkraínu. Þau fóru síðan til Rauða krossins og afhentu peningana saman þar sem tekin var mynd af þeim með þessa fallegu gjöf.

Eftir umhugsun í skólastofunni í byrjun síðustu viku ákváðu þau að fara heim saman og baka kökur. Nokkra daga í röð bökuðu þau saman eftir skóla og fóru svo á Eiðistorg og seldu nýbökuðu kökurnar milli kl. 17 og 19. Þau söfnuðu einnig flöskum og dósnum og úr varð mikið hópefli og heljarinnar stuð hjá bekknum.



## Frá Tónlistarskóla Seltjarnarness

Nú stendur yfir innritun í Tónlistarskóla Seltjarnarness fyrir skólaárið 2022-2023. Innritunin stendur til 20. maí og fer fram á [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is) undir **Minar síður** í hægra horni efst. Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans alla virka daga frá kl. 11:00 - 15:00

Tónlistarskóli Seltjarnarness við Skólabraut  
Sími 5959-235 •  
[tonlistarskolinn@seltjarnarnes.is](mailto:tonlistarskolinn@seltjarnarnes.is)

Skólastjóri

## LAUSAGANGA HUNDA ER BÖNNUÐ Á SELTJARNARNESI

Öll umferð hunda bönnuð á vestursvæðum  
**1. maí - 31. júlí** vegna fuglavarps



SELTJARNARNESBÆR  
UMHVERFISNEFND

# Langar að gera vegglistaverk á Nesinu

- segir Þórdís Erla Zoëga bæjarlistamaður Seltjarnarness 2022

**Þ**órdís Erla Zoëga myndlistarmaður var útnefnd bæjarlistamaður Seltjarnarness 2022 við hátíðlega athöfn á Bókasafni Seltjarnarness föstudaginn 25. mars. Þórdís Erla er 26. listamaðurinn sem hlýtur nafnbótina og veitti Guðrún Jónsdóttir, formaður menningarnefndar bæjarins, Þórdísi Erlu viðurkenningarskjal ásamt starfsstyrk að upphæð einnar milljónar króna. Nesfréttir settust niður með Þórdísi Erlu á Kaffi Örnun á dögunum og var hún fyrst beðin um að segja nokkuð frá sjálfri sér.

„Ég er uppalin á Seltjarnarnesi. Flutti hingað með fjölskyldunni úr Vesturbænum þegar ég var sex ára. Ég fór þessa hefðbundnu leið í Mýró og Való. Ég fór síðan í Menntaskólann við Hamrahlíð og lauk grunnnámi þaðan. Ég skipti yfir í Fjölbrotaskólann í Breiðholti á síðari hlutanum vegna þess að engin myndlistarbraut var í MH en FB var þá komin með öflugra kennslu í listskópun. Hann var á undan Myndlistarskólanum á þeirri tíð og ég held sinni samtíð. Ef ég hefði ekki gert það hefði ég trúlega ekki komist að við Gerrit Rietveld Academy í Amsterdam þar sem ég stundaði nám á árunum 2008 til 2012 þaðan sem ég lauk BFA gráðu úr hljóð- og sjónrænu deild stofnunarinnar.“

## Langaði til útlanda

Þórdís segist hafa verið farin að teikna þegar hún var smástelpan. „Tekningin er góður grunnur fyrir frekari listskópun en alls ekki nauðsynlegur. Ég veit um kunningja mína sem hafa farið í Listaháskólann og talið sig ekki hafa nægilega kunnáttu í byrjun því þeir kunnu ekki að teikna. Ég hefði getað farið í Listaháskólann eins og félagar mínir í FB gerðu margir en mig langað að fara lengra. Til útlanda. Skoða heiminn aðeins. Ég flutti út sumarið 2008. Svona korteri fyrir hrún og var í busaferð í Róm þegar allt hrundi á Íslandi. Þegar ég pæli í því eftir á þá var ég rosalega ung. Unglingur sem hafði aldrei farið að heiman og kunnir ekki einu sinni að þvo þvott. Þá hófst líka leit að húsnæði fyrir mig. Húsnæðismarkaðurinn í Amsterdam var erfiður en pabbi fann stúdentaíbúð í gömlu rússnesku skipi sem búið var að breyta í

íbúðir. Þetta var ágætt. Ég var ein á þessum tíma. Ekki komin með mann og leið vel innan um þessa fyrrum rússnesku umgjörð. En þetta var gaman og þessir grundvallarhlutir í heimilishaldinu lærðust smám saman. Seinna tók ég námsþráðinn upp aftur hér heima og útskrifaðist með diplómat í Vefþróun úr Vefskólanum árið 2017. Það er nýtt tveggja ára nám í Tækniskólanum og er úr fyrsta árganginum. Það geta verið sveiflur í myndlistinni og þá ég alltaf geta tekið að mér svona verkefni.“

## Á Mokka öll menntaskólaárin

„Ég tengdist listum á fleiri sviðum á námsárunum. Ég vann með náminu. Ég vann á því gróna kaffihúsi Mokka við Skólavörðustíg. Var ein af Mokka-stelpunum. Var góð í að smyrja samlokur og búa til gott kaffi. Þú komst stundum á Mokka,“ segir Þórdís snögglega og lítur upp. „Ég man eftir þér. Þú þekktir örugglega ýmsa af fastagestum.“ Tíðindamaður varð að gangast við því. Menn eins og Ketill Larsen, Gylfi Gísla, Hilmar Einarsson, Tómas Ponzi og Hafsteinn Austmann komu upp. Fleiri komu í hugann. „Og ég hef örugglega smurt Mokka-samlöku með sinnepi fyrir þig.“ Trúlega fleiri en eina og andlit Þórdís rann upp fyrir komumanni sem fékk sér stundum samlöku á Mokka þegar hann nennti ekki að elda. „Þetta var góður tími. Guðrún var þá á lífi. Í fullu fjöri og rak Mokka af myndarbrag. Og dæturnar Oddný og Sesselja stóðu að baki þessu með henni. Hannes Sigurðsson listfræðingur og eiginmaður Sesselju var oft ekki langt undan og sá um sýningarnar



Þórdís Erla Zoëga bæjarlistamaður Seltjarnarness 2022 ásamt Kristjáni eiginmanni sínum og börnum þeirra tveimur.

sem oft voru settar upp á kaffihúsinu. Ég var þar öll menntaskólaárin. Gömlu Mokka-stelpurnar eru skemmtilegur hópur.“


## Langar að gera vegglistaverk á Nesinu

Þórdís Erla hefur unnið að list sinni frá því hún lauk námi. Hún var meðal annars tilnefnd til Grímunnar árið 2016 fyrir Búninga ársins í verkinu Dada Dans sem var unnið í samvinnu við Íslenska Dansflokkinn. Hún stofnaði nýverið hönnunarstúdíóið Stúdíó Flötur ásamt manni sínum og grafíska hönnuðinum Kristjáni Jóni Pálssyni. Stúdíó Flötur sérhannar vínilmottur. „Og nú er ég orðin bæjarlistamaður. Loksins. Ég var alltaf

að vona þegar ég var unglingur að verða „Seltirningur mánaðarins“ í Nesfréttum. Það varð hins vegar aldrei af því. Ef til vill var ég ekki nægilega mikið í Gróttu. En þetta hafðist núna. Sem bæjarlistamaður. Þetta er gaman því ég á fjölskylduna mína og flest vini á Seltjarnarnesi.“ En ætlar Þórdís að gera eitthvað sérstakt í tilefni þessara tímamóta í lífi hennar. „Já – ég ætla að gera vegglistaverk á Seltjarnarnesi. Leyfa nágrönnum mínu að njóta þessa heiður með mér. Ég er búin að vera að horfa á nokkra vegg. Ég hef gert nokkur vegglistaverk og er að hugsa um að gera eitthvað sem væri blanda af málverki og lágmynd.“



# Er maginnn í steik?



## Omeprazol Actavis

– Við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fánlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Magasýrupolin hylki sem innihalda 20 mg af virka efni Omeprazol og eru ætluð fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábit). Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni með mat eða á fastandi maga. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.**

Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).  
Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.

# Nýr kraftur á traustum grunni

Nú stýttist í sveitarstjórnarkosningar en gengið verður að kjörborðinu þann 14. maí nk. Venju samkvæmt efdum við Sjálfstæðismenn hér á Seltjarnarnesi til lýðræðislegs prófkjörs sem haldið var í febrúar með afar góðri þátttöku. Prófkjörið skilaði sterkum lista sem samanstendur af einstaklega öflugum hópi reynslumikilla einstaklinga sem ætla að vinna af alúð fyrir og með bæjarbúum næsta kjörtímabilið. Við erum nýr kraftur á traustum grunni og mætum sameinuð og kraftmikil til leiks. Markmið okkar er alveg skýrt en við Sjálfstæðismenn ætlum okkur ekkert annað en sigur í kosningunum í maí!



Þór Sigurgeirsson.

Liðsheild skiptir máli. Við sem skipum fyrrnefndan lista höfum einsett okkur að vinna að auknum og bættem samskiptum við íbúa og starfsfólk bæjarins en samskipti og sýnileiki er okkur hjartans mál. Við ætlum okkur að takast á við allar komandi áskoranir af einlægni og bjartsýni og viljum fá enn fleiri til liðs við okkur í þeirri vinnu svo vel takist til.

## Verkefni fram undan

Verkefni fram undan í bæjarfélaginu eru fjölmörg og krefjandi. Sem dæmi má nefna tímabæra byggingu nýs leikskóla sem nú er komin á framkvæmdastig en hugmynd okkar Sjálfstæðismanna gengur út á það að Undrabrekka, nýr 6-8 deilda leikskóli, verði tekin í notkun á haustmánuðum árið 2024. Það verkefni er afar mikilvægur liður í innviðauppbýggingu bæjarins ekki síst vegna fjölgunar íbúa tengt fyrirhugaðri Gróttubýggð.

Við finnum að það er mikið ákall frá íbúum um að markvisst átak verð gert í viðhaldi og fegrun bæjarins. Því erum við sammála og ætlum að svara kallinu svo að eftir verði tekið. Markmið okkar er að gera skýra áætlun um verkefni, forgangsraða þeim, tímasetja og upplýsa um framkvæmdaáætlun. Falleg ásýnd bæjarins eykur vellíðan, upplifun og stolt okkar sem hér búum.

Við ætlum okkur að auka valkosti íbúa í tengslum við Heilsuefandi samfélag og ná til fleiri aldurshópa. Janusarverkefnið, lýðheilsuverkefni fyrir eldri bæjarbúa hefur verið einstaklega vel heppnað og viljum við halda áfram á þeirri braut. Við munum láta verkin tala í þessu sem og öðrum málaflokkum en stefnumál okkar Sjálfstæðismanna verða kynnt heildstætt á allra næstu dögum.

## Framtíðin er björt

Það leikur enginn vafi á því að rekstur bæjarins er traustur þrátt fyrir að tvö síðastliðin ár hafi verið bæjarsjóði erfið rekstrarlega ekki síst vegna Covid-19 og stórauvinna lífeyrisskuldbindinga. Jákvæð teikn eru hins vegar á lofti um að faraldurinn sé á enda, batinn er hafinn og framtíðin er björt. Íbúum mun fjölga á komandi árum og tekjur bæjarins aukast að sama skapi. Við ætlum að leggja allt kapp á að rýna rekstur bæjarfélagsins til góðs, munum sýna ábyrgð í fjármálum og tryggja gagnsæi með opnu bókhaldi.

Við Sjálfstæðismenn á Seltjarnarnesi horfum sannarlega jákvæð og samhent til framtíðar. Við munum áfram og óhikað takast á við allar krefjandi áskoranir sem upp kunna að koma næsta kjörtímabilið og gera það vel. Hagsæld og ánægja íbúa, góð samskipti ásamt afburða þjónustu bæjarins skiptir okkur öllu máli.

Við hlökkum til að vinna fyrir ykkur og með ykkur.

Þór Sigurgeirsson, oddviti Sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi

# Betri bær fyrir börn

Við í Samfylkingu og óháðum leggjum ríka áherslu á velferð barna og fjölskyldna á Seltjarnarnesi. Við viljum byggja á þeim grunni sem hér er með því að skapa umhverfi þar sem enginn verður útundan. Við teljum ríka þörf á að bæta forvarnir með því að endurreisa öflugt forvarnar- og tómsundastarf barn og unglina, en einnig að hækka tómsundastyrk upp í 75 þúsund krónur á ári. Það skapar jákvæðan hvata til aukinnar þátttöku í íþróttum, tómsundastarfi og listum sem hefur mikið forvarnargildi í sjálfu sér.

Sum börn þurfa af ýmsum ástæðum mikinn stuðning. Önnur þurfa bara smávægilega aðstoð á viðkvæmum aldri sem þó dugar til að leysa málin. Enn önnur þurfa meiri og langvarandi aðstoð.

Eins og staðan er nú þá missum við stundum af þeim sem við hefðum getað byrjað að veita stuðning snemma og fyrir vikið verða erfiðleikar þeirra meiri. Við getum gert betur til að tryggja að allir sem koma að viðkomandi barni hafi leiðir til að veita öfluga og viðeigandi fagþjónustu á réttum tíma og halda þannig utan um barnið eins og þarf. Því eins og þeir vita sem starfa með börnum þá skiptir tíminn ekki síður máli en þjónustan. Með því að veita stuðning um leið og hans er þörf má draga úr inngripum seinna meir. Þannig má stuðla að farsæld barnanna og foreldra þeirra sem og bæta allt umhverfi barnsins.

Við viljum vinna með mennta- og barnamálaráðuneytinu að því að fá fjármagn inn í sveitafélagið í gegnum hin svokölluðu farsældarlög til að byggja upp öflugt fagteymi innan fjölskyldusviðs sem vinnur þvert á alla skóla, tómsundastarf og íþróttafélag auk samstarfs við heilsugæslu. Hlutverk fagteymisins væri að vinna að skimunum, veita fræðslu og stuðning í skólunum og Gróttu, þjálfu upp stuðning við börn sem fylgir þeim í gegnum daginn í skólanum, íþróttum- og tómsundastarfi. Með því fá börn og fjölskyldur þeirra, sem og kennara og annað fagfólk sem með börnum vinnur stuðning í að skapa umhverfi þar sem öllum getur liðið vel.

Þannig búum við til betri bæ fyrir börn.

Sigurþóra Bergsdóttir í 2. sæti á lista Samfylkingar og óháðra



Sigurþóra Bergsdóttir.

Systrasamlagið  
Óðinsgötu 1  
101 Reykjavík

VÍÐGERÐAROLÍAN    SÚ ALLRA STERKASTA    SÚ SIGILDA

## BLACK SEED OLÍURNAR FRÁ VIRIDIAN FRAMÚRSKARANDI

Allar lífrænt vottaðar og beint frá býli

systrasamlagid.is

# Ímyndum okkur

Ímyndum okkur sveitarfélag þar sem ákvarðanir eru byggðar á gögnum og þekkingu í stað pólitískra skoðana. Ímyndum okkur að þessar ákvarðanir séu teknar í samráði við bæjarbúa sem séu vel upplýstir á öllum stigum máls. Ímyndum okkur að ákvarðanir séu rökstuddar og að um þær ríki gegnsæi, þannig að bæjarbúar viti hvers vegna ákvarðanir eru teknar og hafi vettvang til að tjá skoðanir sínar á þeim. Ímyndum okkur jafnvel að sveitarfélagið hafi þá stefnu að taka ekki ákvarðanir nema að höfðu samráði við íbúana og að niðurstöðum samráðsins sé komið í framkvæmd. Ímyndum okkur að bæjaryfirvöld hlusti á raddir allra bæjarbúa.

Ímyndum okkur að í þessu sveitarfélagi sé bókhaldið opið svo skattgreiðendur sjái í hvað útsvarskrónunum er varið, við hverja sveitarfélagið semji og versli og hvað það greiði fyrir vörur og þjónustu. Ímyndum okkur líka að bæjarbúar geti komið athugasemdum á framfæri telji þeir að eitthvað megi betur fara og hlustað sé á þá, þeim svarað og málum komið í farveg. Ímyndum okkur að bæjaryfirvöld og bæjarbúar séu sammála um að rekstur sveitarfélagsins eigi að vera sjálfbær.

Ímyndum okkur að viðhorfin sem stjórnsýslan í sveitarfélaginu byggir á endurspeglit í skólakerfinu í bænum, að leik- og grunnskólar efla gagnrýna hugsun nemenda sem og læsi á breiðum grundvelli, þar með

talið upplýsingalæsi, fjármálalæsi og fjölmiðlalæsi. Þar séu í boði fjölbreytt námstækifæri sem höfði til ólíkra áhugasviða nemenda, áhersla sé á samvinnu frekar en samkeppni í náminu og að velferð og öryggi nemenda sé grundvöllur alls skólstarfs. Komið sé til móts við ólíkar þarfir nemenda með sveigjanleikann að leiðarljósi, bæði hvað varðar skólatíma og skil skólástiga.



**Björn Gunnlaugsson.**

Ímyndum okkur að sveitarfélaginu sé stjórnað af fólki sem hefur sett sér skýrar siðareglur og tamið sér að forðast hvers konar hagsmunaárekstra. Ímyndum okkur að öll gögn sem ekki snerta persónugreinanlega hagsmuni einstaklinga séu opin, aðgengileg og ókeypis, svo bæjarbúar geti treyst því að stjórnsýslan taki ávallt mið af almannahagsmunum.

Væri ekki dálítið gott að búa í þannig sveitarfélagi?

*Björn Gunnlaugsson*

*Aðstoðarskólastjóri, skólanefndarfulltrúi og frambjóðandi á A-lista Framtíðarinnar*

## RECARO

Barnabílstólar í úrvali



**BÍLASMIÐURINN HF**

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)

## Alla leið á öruggari dekkjum

Pantaðu tíma í dekkjaskipti á n1.is



**N1**  
**Vefverslun**  
Skoðaðu úrvalið og skráðu þig



Nýtt

### Michelin Cross Climate 2

- Sumardekk fyrir norðlægur slóðir
- Öryggi og ending
- Halda eiginleikum sínum vel út líftímann
- Gott grip við allar aðstæður
- Endingarbestu sumardekkinn á markaðnum



Nýtt

### Michelin Pilot Sport 5

- Sumardekk fyrir þá kröfuhörðustu
- Veita óviðjafnanlega aksturseginnleika
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Endingarbestu dekkinn í sínum flokki



### Michelin e-Primacy

- Öryggi og ending
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Einstakir aksturseginnleikar
- Ferð lengra á hleðslunni / tanknum
- Kolefnisjafnaður flutningur frá framleiðanda

Notaðu N1 kortið

### Hjólbarðapjónusta N1

Bíldshöfða	440-1318	Langatanga Mosfellsbæ	440-1378
Fellsmúla	440-1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Réttarhálsi	440-1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
Ægisíðu	440-1320	Dalbraut Akranesi	440-1394
		Réttarhvammi Akureyri	440-1433

Opíð mánudaga til föstudaga kl. 8–18  
Laugardaga kl. 9–13

**N1** ALLA LEIÐ

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

### HANDVERKSSÝNING, FERÐALÖG OG FL.

Nóg hefur verið að gerast í félags og tómstundastarfi eldri bæjarbúa á undanförunum vikum þrátt fyrir covid og ýmis önnur veikindi. Fresta þurfti þó félagsvist Lions vegna veikinda en vonandi verður það á dagskránni fljótlega. Heimsóknin á Hótel Holt þann 5. apríl var bæði fróðleg og skemmtileg. Geirlaug Þorvaldsdóttir hélt tölu um staðinn, listamennina og verk þeirra og bauð gestum að ganga um sali hússins og skoða stórkostleg listaverk. Allir fengu kaffi og með því. Páskaeggjábíngó var svo í salnum á Skólalbraut fimmtudaginn 24. mars og svo aftur í kirkjunni mánudaginn 11. apríl. Góð þátttaka var á báðum stöðum og fullt af flottum súkkulaðieggjum í boði fyrir heppna bingóspilara.

Námskeiðin í tálgun, útskurði og silfursmíði sem farið var af stað með í vetur voru afar vinsæl hjá þátttakendum. Þetta voru 6 vikna námskeið hvort fyrir sig. Eftirspurn er eftir áframhaldi og telja má víst að strax í haust verði boðið upp á sambærileg námskeið aftur.

### VORFERÐ, SUMARFERÐ

Til stendur að félagsstarfið og kirkjan fari saman í vorferð þriðjudaginn 24. maí. Á dagskránni er heimsókn á 3 skemmtilega staði á Suðurnesjum og endað í eftirmiðdagskaffi.

Árleg sumarferð er í undirbúningi og verður hún í kringum miðjan júní á Vatnajökul. Verið er að bíða eftir tillögum að ferðafyrirkomulagi og öðrum upplýsingum sem vonandi liggja fyrir fljótlega.

Allir fastir liðir félagsstarfsins verða í gangi á sínum tíma og stað til loka maí.

Formlegu félagsstarfi vetrarins lýkur með handverkssýningu / opnum vinnustofum þ.e. í handavinnu og leir, gleri, roði og leðri ásamt bókbandi, silfursmíði og útskurði. Sýningin opnar á uppstigningardag 26. maí kl. 15.00, sýningin verður síðan opin á föstudeginum og laugardeginum milli kl. 13.00 og 17.00. Margt fallegra muna verður á sýningunni. Vöflukaffi og sölubásar. Sýningarstaðir eru á Skólalbraut og á neðri hæðinni í félagsheimilinu við Suðurströnd.

Aðalfundur félags eldri borgara var haldinn í salnum á Skólalbraut þriðjudaginn 5. apríl og var ágætlega sóttur. Hvetjum alla eldri bæjarbúa að gerast meðlimir félagsins.

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni skipuleggur ferðir bæði innan lands og utan. Margar áhugaverðar ferðir eru í boði og hvetjum við fólk til að skoða það sem í boði er. Einnig má nefna að Ferðaskrifstofa eldri borgara er með árshátíð á Hótel Grímsborgum sunnudaginn 15. maí. Í kaffikróknum á Skólalbraut liggja frammi blöð með nánari upplýsingum bæði varðandi ferðirnar og árshátíðina. Hvort tveggja er opið öllum eldri borgurum. Í sumar verður eins og undanfarin ár boðið upp á félags og tómstundastarf, þ.e. frá byrjun júní fram í miðjan ágúst. Það er sumarstarfsfólk bæjarfélagsins sem skipuleggur og kemur að því starfi.

Óskum öllum gleði og ánægju í sumar.

## BÓKAÐ MÁL

### Lestur



Það kviknar á borðviftunni með háum plastsmelli. Úti er gluggasumar og skítakuldi eins og tíðkast jafnan kringum sumardaginn fyrsta og gestirnir á bókasafninu brosa grímulausum brosum hver til annars. Sólbrún kona á besta aldri leggur tvær litríkar skáldsögur og ferðahandbók um Sikiley á borðið fyrir framan mig og rennir sólgleraugunum upp nefið. *Verður maður ekki að hafa eitthvað að lesa í sólinni?*

*Er morgunsólin heit og hrein  
höfuð mitt laugar geislabárum  
og blómin ljúf við læk og stein  
ljósblöðum gráta feginstárum*

Þannig hefst ljóðið *Sólskinsdraumur* eftir Huldu og þessar línur minna sterklega á það þegar sumarsólin fer loksins að skína á landið okkar kalda. Líklega eru fáar þjóðir sem finna til jafn mikils feginleika þegar veturinn kveður þótt ekki sé nema í nokkrar vikur.

Já, sumarið er komið og sólarveltir Íslendingarnir hópast að ströndum Suður-Evrópu. Margir eru vanir því að taka með sér nýtt lesefni í friði, hvort sem það eru reyfarar til að spæna sig í gegnum eða doðrantar heimsbókmenntanna sem enda oft en ekki sem höfuðpúðar á sólarströndum. Um þetta leyti fer því af stað hálfgerð vorbókaflóð.

Nú fyrir skemmstu var haldið upp á alþjóðlegan dag bókarinnar með það að markmiði að auka lestraráhuga, sérstaklega hjá ungu fólki. Það kann að virðast undarlegt að reyna að fá krakkana til að lesa einmitt þegar sumarið gengur í garð og útileikir eru efst á baugi en það er mikilvægt að rækta hugmyndina um að lestur eigi jafn vel við í sumargleðinni og á dimmum vetrarmorgnum í skólanum. Best er að gefa sér tíma í lesturinn og njóta í friði, fjarri skarkala hversdagsins.

*Verður maður ekki að hafa eitthvað að lesa í sólinni?* spurði sólbrúna konan. Maður verður kannski ekki en góð bók gerir allt betra, líka sólina og sumarið.

Tökum því þátt í vorbókaflóðinu og lesum í fríinu. Það sést hvort sem er ekkert á skjáina okkar í sólinni..

TRYGGVI STEINN STURLUSON

Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



www.utfarin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi



Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

## FALLEGIR LEGSTEINAR

**ERUM FLUTT**

Eyrartröð 16

220 Hafnarfirði

Opnum 22. febrúar n.k.

kl. 11-16



Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði  
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

**Bergsteinar**  
legsteinagerð



# Betri bær fyrir okkur öll

Nú styttest í að við Seltjarnarnesbúar fáum tækifæri til að kjósa nýja stjórn fyrir bæinn okkar og mikilvægt að nota þessi tímamót til að íhuga í hvernig bæ við viljum búa. Samfylking og óháðir bjóða fram til starfa fólk á öllum aldri, með mikla og fjölbreytta reynslu að baki, sem vill vinna að því að gera okkar ágæta Seltjarnarnes að enn betri stað til að búa í.

## Betri bær fyrir börn

Samfylking og óháðir vilja byggja upp bæ sem stuðlar betur að velliðan barna á öllum aldri. Liður þar í er að tryggja gott húsnæði og skólalóðir fyrir öll skólastigin, sem aftur styður við þróun og faglegt starf skólanna þannig að jafnt börnum sem starfsfólki líði þar vel. Við ætlum að byggja nýjan leikskóla og stórbæta skólalóð grunnskóla Seltjarnarness. Við viljum efla þjónustu á öllum skólastigum svo öll börn fái tækifæri til að blómstra. Það gerum við með áherslu á snemmtæka íhlutun, samstarf stofnana og greiðan aðgang að viðunandi úrræðum á réttum tíma til að tryggja að ekkert barn falli á milli kerfa. Við ætlum að efla unglingsstarfið á ný með því að snúa við niðurskurði í félags- og forvarnarmálum. Við viljum bjóða öllum börnum 5 ára og eldri 75.000 króna tómstundastyrk og svo öll börn hafi tækifæri til að stunda fjölbreytt og öflugt íþrótt- og tómstundastarf.

## Öflugur miðbær og enn betra umhverfi

Samfylking og óháðir vilja byggja upp öflugan og spennandi miðbæ Seltjarnarness með því að endurskipuleggja Eiðistorg. Horft væri m.a. til þess sem gert var með ágætum árangri á Garðatorgi þar

sem bílastæði voru færð neðanjarðar að hluta og ný íbúðarhús byggð með fjölbreyttri verslun og þjónustu á götuhæð og íbúðum á efri hæðum. Við gerð skipulagsins munum við horfa til þess að íbúðirnar verði góð blanda af húsnæði sem hentar fyrstu kaupendum, fjölskyldum sem og eldri borgurum sem vilja minnka við sig. Þannig fjölga íbúum og við fáum skemmtilegan miðbæ á ný.

Falleg náttúra og umhverfi er eitt aðalsmerki Seltjarnarness og við ætlum að stuðla að því að Seltjarnarnesbúar, sem og gestir bæjarfélagsins, njóti þessa sem best. Það gerum við jafnt með verndun umhverfisins sem og góðu aðgengi- og þar skiptir samstarf við bæjarbúa sköpum.

## Ábyrg fjármálastjórnun

Samfylking og óháðir ætla að sýna ábyrga fjármálastjórnun við rekstur Seltjarnarnesbæjar. Síðastliðin fjögur ár hafa einkennst af slæmum rekstri þar sem tekjur hafa ekki dugað til að greiða fyrir þá þjónustu sem bærinn þarf að veita. Tap bæjarsjóðs Seltjarnarnesbæjar er um 1400 milljónir og skuldir sveitarfélagsins hafa farið úr 2,3 milljörðum árið 2017 upp í rúmlega 6 milljarða árið 2021. Meirihluti Sjálfstæðismanna í bæjarstjórn hefur reynt að bregðast við þessu með því m.a. að fresta framkvæmdum við nýjan leikskóla - sem þau lofuðu fyrir síðustu kosningar. Með því að hækka matarkostnað í leik- og grunnskóla og það án þess að huga að gæðamálum. Með því að skera niður í jafn mikilvægum málaflokki og forvörnum. Þessar ákvarðanir hafa verið óvinsælar hjá bæjarbúum sem sést m.a. í árlegri þjónustukönnun

Gallup; á kjörtímabilinu fór sveitarfélagið úr efstu sætum, þegar ánægja íbúa á þjónustu og stjórnun er mæld, niður í þau neðstu.

Þessu viljum við breyta. Síðastliðið haust hækkuðu bæjarfulltrúar Samfylkingar, Neslista/Viðreisnar ásamt Bjarna Torfa, sem þá var bæjarfulltrúi Sjálfstæðismanna, útsvarsprósentu bæjarbúa lítillaga, þ.e. úr 13,7% í 14,09%. Hækkunin nemur 390 krónum á hverjar 100.000 krónur sem íbúi á Seltjarnarnesi er með í laun en skilar um 100 milljónum í bæjarsjóð. Þessar 100 milljónir nýtast til að koma í veg fyrir áframhaldandi taprekstur og skuldafórnun, sem aftur sparar vaxtakostnað og skapar svigrúm til að byggja upp betri bæ fyrir okkur öll.

## Sækjum fram

Fólkið á lista Samfylkingar og óháðra á Seltjarnarnesi býður fram krafta sína til að byggja upp góðan bæ fyrir Seltjarnarnesbúa á öllum aldri. Það er staðreynd að uppbygging sveitarfélags og góð þjónusta kostar. Smávægileg lækkun á útsvari á næsta kjörtímabili er því ekki keppikefli. Við horfum á næstu fjögur ár sem ár sóknar þar sem þjónusta við íbúa á öllum aldri verður eflað, ráðist verður í framkvæmdir og viðhald á eignum og önnur verkefni sem íbúar telja mikilvægt að verja fjármunum til. Í þannig bæ viljum við búa.

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Oddviti Samfylkingar og óháðra á Seltjarnarnesi



Guðmundur Ari Sigurjónsson.



SELTJARNARNESBÆR

# ATKVÆÐAGREIÐSLA UTAN KJÖRFUNDAR

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna sveitastjórnarkosninga 14. maí 2022 er hafin.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla við embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu fer eingöngu fram í Holtagörðum á 2. hæð.

## Opnunartími:

19. apríl – 1. maí, kl. 10:00 – 20:00

2. maí – 13. maí, kl. 10:00 – 22:00

Á kjördag laugardaginn 14. maí verður opið frá kl. 10:00 – 17:00 fyrir kjósendur sem eru á kjörskrá utan höfuðborgarsvæðisins.

Kjósendur skulu framvísa gildum skilríkjum við atkvæðagreiðsluna.

Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðunni: [www.kosning.is](http://www.kosning.is)

# „Sumir skipta um flokk vegna sannfæringar sinnar. Aðrir skipta um sannfæringu vegna flokks síns.“

Það hefur verið gott að búa á Seltjarnarnesi og það á að vera það áfram. Hingað flytur fólk gjarnan vegna þess að hér hefur þjónusta við íbúa almennt verið góð, öflugt og gott íþrótt- og æskulýðsstarf, góðir skólar og vel hugsað um eldri borgara. Þetta er það sem fólk skoðar helst þegar áform um búsetu eru ákveðin.

Seltjarnarnes hefur í gegnum tíðina staðið vel undir væntingum íbúa með þessa þjónustubætti og niðurstöður allra kannana sýndu það. Við yfirfærslu stórra málaflokka frá ríki til sveitarfélaga hefur jafnt og þétt hallað verulega á sveitarfélögin, en talsvert hefur skort á að nægt fjármagn hafi fylgt með í slíkum aðgerðum. Það hefur því reynt verulega á við að halda uppi sama þjónustustigi án þess að nýta í auknum mæli þá tekjustofna sem sveitarfélögin hafa.

Til að tryggja áfram hátt og gott þjónustustig við íbúa var það því eðlilegt og rétt skref að hækka álagningarprósentu útsvars við afgreiðslu fjárhagsáætlunar vegna þessa árs. Þessi afstaða mín var ekki vel séð af gömlu flokksfélögum mínum, en ég stend með minni sannfæringu og hef því í framhaldi af þessu tekið sæti á lista Samfylkingar og óháðra, en þar skipa ég þriðja sætið, efstur óháðra frambjóðanda. Þessi ákvörðun mín var mér ekki erfið enda hefur sá hópur sem nú skipar efstu sæti lista Sjálfstæðisflokksins talað ákaft fyrir því að strax þurfi að lækka útsvar og um leið skera enn frekar niður í hinum ýmsu þjónustuliðum

Við á lista Samfylkingar og óháðra ætlum ekki að lofa lækkun útsvars, en miklu frekar bættri þjónustu við íbúa okkar og er ég þess fullviss að aðeins þannig munum við áfram geta mætt óskum íbúa um góða þjónustu, ráðist í uppbyggingu á nauðsynlegum innviðum og tekist á við þær þarfir sem upp koma á komandi kjörtímabili.

*Bjarni Torfi Álfþórsson – 3. sæti á lista Samfylkingar og óháðra.*



**Bjarni Torfi Álfþórsson.**

# Frá fortíð til Framtíðar

Sem Nesbúi sé ég að hér eru rótgrónar undirstöður en hinsvegar er augljóst að á Seltjarnarnesi hefur ríkt værukærð í ansi mörgum málum í langan tíma, sérstaklega þegar það kemur að málefnum barna. Það er gott og blessað að vera varkár þegar kemur að rekstri bæjarfélags, við skiljum það öll. Við hljótum líka öll að vera sammála um að niðurskurður og sparnaður ætti aldrei að bitna á börnum.



**Árný Hekla Marinósdóttir.**

Það væri hægt að skrifa langan pistil um ýmislegt sem ég er ósátt við en mig langar að nefna skólalóðina við Mýrarhúsaskóla sem dæmi um birtingarmynd þess sem betur mætti fara. Þar er augljóslega margt sem hefur verið stórkostlega vanrækt. Ég hvet ykkur til að skoða leiksvæði yngstu barna Grunnskóla Seltjarnarness og meta hvort við séum gera vel við börnin.

Skólalóðir eiga að sinna lýðheilsu barna og stuðla að bættum lífsgæðum, bæði Landlækniseimbættið og Lýðheilsustofa hafa fært réttmæt rök fyrir því. Ég hvet ykkur til að kynna ykkur lóðina á háannatíma. Fylgist þið með börnunum að leik og segið þið mér svo hvort þetta sé ásættanlegt. Hvernig getum við ætlast til þess að börnunum okkar líði og hagi sér vel vel í frímínútum, dag eftir dag eftir dag, þegar þar er svo gott sem ekkert við að vera?

Við eigum að setja okkur markmið um að skólalóðir Seltirningar verða til eftirbreytni, stuðli að sköpun og hreyfingu og efli leik og gleði okkar allra innan tveggja ára. Þar fyrir utan nýttast vel skipulagðar skólalóðir öllum bæjarbúum utan skólatíma.

Við hjá Framtíðinni höfum kynnt okkur skólalóðir á Íslandi til að sjá hvar vel hefur tekist. Við myndum vilja hefja endurbætur á lóðinni okkar strax, það þarf að hlúa að einstaklingum framtíðarinnar ekki seinna en í gær.

Hægt væri að nefna fleiri dæmi um hvað mætti betur fara hér á Nesinu: Selið, aðbúnað á leikskólalóðum, Skólamat, leikvelli bæjarins og margt fleira en sem smábæjarkona með risastórt hjarta sé ég ekkert nema tækifæri og því vil ég stuðla að því að Seltjarnarnes verði aftur að fyrirmyndarsamfélagi í náinni framtíð.

*Árný Hekla Marinósdóttir.*

*Leikskólakennari og frambjóðandi í 4. sæti hjá Framtíðarinni á Seltjarnarnesi.*



*Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

 **HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

**ALHLÍÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR**

**Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!**

**[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070**



 Finndu okkur á Facebook

# Tími fyrir breytingar


„Breytingar eru lög lífsins. Og þau sem horfa eingöngu til fortíðar munu örugglega missa af framtíðinni“ sagði John F. Kennedy árið 1963. Hafi breytingar verið örar þá – hvað þá nú?

Mjög hefur hægst á þróun þjónustu á Seltjarnarnesi. Íbúarnir finna þetta í skólunum, í umhirðu bæjarins og tjá skoðun sína árlega í viðhorfskönnun sem Gallup framkvæmir fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Á meðan ánægja mælist stöðug og vaxandi í Garðabæ, Kópavogi, Hafnarfirði og Mosfellsbæ – þá dvín hún á Seltjarnarnesi.

## Hvers vegna situr Seltjarnarnes eftir?

Á kjörtímabilinu sem er að líða hef ég ítrekað bent á hversu glæfralegt það er af meirihluta Sjálfstæðisflokksins að ríghalda í eldgamla hugmynd um Seltjarnarnes sem einhverskonar skattaparadís. Hugmyndin hefur reynst okkur dýr, en, er líka svarið við spurningunni hér að ofan. Bærinn tapar peningum, þjónustan versnar og íbúarnir eru minna ánægðir. Haldi þessi þróun áfram getur hún valdið bænum og bæjarbúum gífurlegum skaða.

Skoðum svart á hvítu hvað þessi hugmynd hefur kostað bæinn. Frá 2015 nemur hallarekstur bæjarins 1.540 milljónum. Þessi fjárhæð nemur fjórðungi skulda bæjarins (25%), sem voru 6 milljarðar um síðustu áramót. Skuldarnar námu um 1,5 milljarði árið 2015.



Hvernig liti myndin út ef bæjarstjórn hefði haft kjark til að hækka útsvarið í upphafi þessa tímabils í samræmi við t.d. Kópavog? Svarið við því er einfalt. Hallarekstur næmi 360 milljónum í stað 1.540 milljónum króna. Svigrúmið til að bæta þjónustuna og byggja til framtíðar hefði því verið talsvert, ef horfið hefði verið frá skattaparadísarhugmynd Sjálfstæðisflokksins.



Á þetta hef ég ítrekað bent á yfirstandandi kjörtímabili. Raunar gerðust þau undur og stórmerki að einn bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins sá ljósið við gerð síðustu fjárhagsáætlunar og samþykkti hækkingu útsvar um 0,39% um síðustu áramót. Ég hef ekki orðið var við fjöldamótmæli bæjarbúa vegna þessa. Enda er þessi hækking ekki stórfelld eignaupptaka, eins og hörðustu frjálshyggjumennirnir kunna að halda fram.

## Hversu margar krónur eru 0,39% hækkingu útsvars?

0,39% af meðallaunum Íslendinga eru 715 krónur á viku. Það dugir fyrir stórum ís í brauðformi á Huppu (án dýfu) eða einum latté á Örnunni. Ekki há

upphæð fyrir flesta. En yrir fjárhag bæjarins skiptir þessi hækking hinsvegar miklu, því þegar allur ísinn kemur saman eru þetta yfir 100 milljónir á þessu ári. Með þessu skapast svigrúm til að bæta þjónustu skóla, leikskóla og malbika Nesveginn, svo eitthvað sé nefnt.



Karl Pétur Jónsson.

Framtíðin er hópur fólks sem hefur um skeið rætt saman um framfaramál fyrir Seltjarnarnes. Velvilji gagnvart samfélaginu á Seltjarnarnesi er það sem sameinar hópinn, frekar en trú á stjórnmalastefnu í eina átt eða aðra. Við teljum að rjúfa verði þá stöðnun sem einkennt hefur bæinn undanfarnin áratug. Það verður ekki gert með því að stóla á lausnir fortíðar. Framtíðin verður að vera betri og þjónusta bæjarins við íbúa sína framsæknari.

Á komandi vikum mun Framtíðin kynna stefnumál sín og kynnast íbúum á skemmtilegum viðburðum sem standa fyrir dyrum.

Framtíðarhópurinn er sammála um að rjúfa verði þá stöðnun sem legið hefur yfir þjónustu Seltjarnarnesbæjar við íbúana. Við stólum á Seltirninga að veita okkur umboð til breytinga. Því að breytingar eru lög máls lífsins og fortíðin geymir engin gild svör.

Karl Pétur Jónsson

oddiviti á lista Framtíðarinnar á Seltjarnarnesi.

## Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagasstyringu?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtakerfi?

• EIGNAumsjón

thjonusta@eignajmsjon.is | eignajmsjon.is

20 ára

# Nýr og spennandi miðbær!

Um og í kringum aldamótin síðustu hafði Seltjarnarnesbær á sér sterka ímynd og var miðbænum með Eiðistorg í broddi fylkingar oft lýst af nágrönnunum í Reykjavík sem stásstofu sveitarfélagsins. Nú er öldin önnur. Á Eiðistorgi hriðlekurinnandryra í almenningi sem notaður er til samkomuhalds. Torgið sem ætti að vera iðandi verslunar- og þjónustumiðja, minnir helst á draugabæ þar sem ljósin eru slökkt og neglt hefur verið fyrir glugga. Bókasafnið, menningarstofnun bæjarsins, er vel falið og megin inngangur þess í gegnum sérrými verslunarhúsnæðis. Austurströnd er lífvana rými og tengja fæstir hana við miðbæinn þó þar sé að finna miðstöð stjórnsýslu og framlínuþjónustu bæjarins.



**Karen María Jónsdóttir.**

Aðkoman inn í miðbæinn er jafnframt aðkoman inn í bæjarfélagið. Lítil metnaður hefur verið lagður í hönnun svæðisins þ.e. að gera aðkomu og ásýnd bæjarins sem besta en grjóthleðsla við bæjarmörkin með skildi Seltjarnarness er eina atrennan til þessa. Aðdráttarafi miðbæjarsvæðisins sem viðkomustaður er lítið, hvort sem er fyrir íbúa eða gesti, og því eru forsendur fyrir hverskonar rekstri veikar og hvati verslunar- og þjónustuaðila til að byggja upp starfsemi sína því lítil sem enginn. Áherslan er auk þess á umferð akandi umferð sem einnig gengur erfiðlega að henna hraðann á. Því vikur mannlífið.

Sterka hugmyndafræði hefur skort um langa hríð um uppbyggingu á miðbæ Seltjarnarness sem endurspeglast í því sem virðist vera tilviljanakenndar skipulagsákvæðanir og metnaðarlaus umhverfismótun. Ábyrgðin liggur víða, en þó helst hjá sveitarstjórn bæjarins sem ber ábyrgð á að skipulag sé hugsað til langs tíma og útfært með almannahag, umhverfi, og öflug rekstrarskýryrði að leiðarljósi. Grundvallargæði miðbæjar felast að miklu leyti í því að í honum fléttast saman margvíslegir þræðir í eina heild. Þræðir sem við hér á Nesinu upplifum í dag sem aðskilda.

Þessu ætlar Samfylkingin og óháðir að breyta með því að leita allra leiða til að styrkja miðbæinn sem miðstöð mannlífs, verslunar og þjónustu á sama tíma og við byggjum undir markmið um sjálfbæra þróun á fjölmarga vegu. Við ætlum hefja samtal meðal annars við Haga hf., um þróun á Eiðistorgi þar sem nú eru m.a. bílastæði og/eða endurskipulagningu núverandi húsnæðis. Við viljum stuðla að uppbyggingu sem felur í sér blandaða byggð íbúða, verslunar og þjónustu ásamt stofnunum og videigandi atvinnustarfsemi eftir því sem kostur gefst.

Við ætlum okkur að reisa nýtt kennileiti með því að gera metnaðarfulla vinningstillögu Andrúm um nýjan leikskóla að veruleika. Við hefjum strax undirbúning að byggingu fyrsta áfanga skólans, á sama tíma og við takmörkum röskun á starfseminni á sjálfum byggingartímanum. Við lítum á fjárfestingu í góðri, aðlaðandi og heilnæmri vinnuáðstöðu fyrir börn og starfsfólk leikskólans sem virðisaukandi fjárfestingu fyrir bæinn til framtíðar hvort sem lítið er til umhverfis-, félags- eða rekstrarlega þátta.

Við viljum að helstu umferðarsvæðin þ.e. götuleggirnir að gatnamótum Suðurstrandar og Nesvegs, verði hannaðar sem borgargötur. Slíkt festir í sessi ákveðna framtíðarsýn um tilgang, mikilvægi og útfærslur gatna sem fjölbreytt og lífandi almenningsrými, þar sem húsinn og gatan mynda eina heild og áhersla lögð á samræmda yfirborðshönnun. Við munum ásamt því tryggja vandað og öflugt samgöngukerfi fyrir alla samgöngumáta til einkanota, hefðbundið og seinna meir hágæðakerfi almenningsgangna, þar sem öryggi allra vegfarenda er haft í fyrirrími í vistlegu og aðlaðandi götuumhverfi.

Við viljum útvíkka sjónarhorn á miðbæinn með því að skapa öflugar tengingar hans við önnur svæði, sem og flæði inn í og innan hans. Til suðurs með ströndinni viljum við leggja grunn að endurheimt tengsla miðbæjarins við sundlauginna, íþróttahús, Gróttuvöll og heilsugæsluna, áningastaði sem íbúar og gestir sækja til að efla líkamlegt hreysti. Niður að Norðurströnd viljum við aðlaðandi svæði tengi saman bæjarhlíðið og Austurstörnd. Við viljum einnig lengja miðbæjarásinn frá Eiðistorgi og upp Nesveginn og efla tengslin við hin andlegu málefni sem felast annarsvegar í náttúrugæðum á Valhúsaröndum og hinsvega í kyrrðinni í Seltjarnarneskirkju.

Ábyrgð sveitarstjórnarmanna er skýr. Ávinningurinn af markvissri stjórnun líka!

*Karen María Jónsdóttir  
4. sæti á lista Samfylkingar og óháðra.*

# Viljum við sjálfstætt Seltjarnarnes eða stærri Vesturbæ?

Það er af sem áður var, þegar Seltjarnarnes þótti til fyrirmyndar þegar kom að rekstri og þjónustu við íbúa. Vissir þú til dæmis að bærinn okkar hefur verið rekinn með miklum og sívaxandi halla undanfarin ár? Skuldir á íbúa hafa aukist úr 350 þúsund kr. árið 2014 í 1,3 milljónir árið 2021. Það er afleiur árangur og ekki skrítíð að hver höndin sé uppi á móti annarri í Sjálfstæðisflokknum sem farið hefur með öll völd hér á Nesinu á þessu hnignunarskeiði.



**Áslaug Ragnarsdóttir.**

Ég er nútímakona með þeim hætti að ég rek bæði eigið fyrirtæki og heimili. Þess vegna treysti ég mér vel til þess að fullyrða, að hallarekstur og skuldafélagning verður að stöðva ef bærinn á að halda sjálfstæði sínu. Viljum við virkilega að vandinn þróist áfram og niðurstaðan verði stækkun á Vesturbæ Reykjavíkur?

Kannski þarf meira af hyggjuviti okkar mæðranna sem tókumst á við margháttað verkefni og viljum gera það vel? Ég heiti því allavega að gera mitt besta fyrir fallega bæinn minn. Hann á það skilið að komast aftur í fremstu röð. Þegar ég flutti á Seltjarnarnesið fyrir rúmum áratug leit ég þannig á að með þeirri ákvörðun væri ég að tryggja börnunum mínum góða menntun, vandað tómsundanaðm og öruggt samfélag að búa í.

Ég var stolt og státaði mig gjarnan af því hversu góð þjónusta væri í bænum. Þá var Seltjarnarnes með hæstu tómsundastyrkina á landinu, boðið var upp á hafragraut á morgnana í grunnskólanum þar sem foreldrar, ömmur og afar gátu setið með börnunum og átt gæðastund fyrir skóla og almennt góðan mat í matartímum. Þjónustan á leikskólanum og skólum var til fyrirmyndar, þótt stundum hefði þurft meira fjármagn til viðhalds og endurbóta. Á öllum skólástigum vann fagfólk sem brennur fyrir starfið og það gaf af sér.

Þess vegna er hnignun undanfarinna ára svo sár og áberandi. Sífelldur niðurskurður sem bitnar á smáu sem stóru og leiðir til lakari lífsgæða og minni stemningar meðal bæjarbúa. Margir kennarar lýsa yfir óánægju sinni með starfsumhverfið eins og það er í dag, enda erfitt að blómstra í starfi þegar aðbúnaður og umhverfi er þannig að sífellt sé verið að herða sultarólina. Það bitnar á gæðum kennslunnar og að allir fái jöfn tækifæri til menntunar.

Maturinn í skólunum stendur ekki lengur undir væntingum, börn frá efnaminni heimilum fá ekki lengur afgreiðslu í skólamótuneytinu og ekki hefur tekist að standa við loforð um leikskólalátt frá tólf mánaða aldri. Það þarf að ganga í öll þessi verk til þess að endurheimta traust bæði foreldra og fagfólks. Til dæmis er tómsundastyrkurinn hinn sami og árið 2015, þótt verðlag hafi hækkað mikið. Styrkurinn ætti að vera um 65 þúsund krónur. Og þangað ætlum við.

Sem rekstrarmanneskja finnst mér merkilegast, að þrátt fyrir allan niðurskurðinn og skerta þjónustu halda skuldirnar áfram að aukast. Ég held að hvert einasta heimili með börn finni fyrir þrengingunum sem sveitarfélagið er í.

Það er því augljóst að dæmið gengur ekki upp. Það kostar meira að reka bæinn okkar. Við erum að borga fyrir að halda honum gangandi á þjónustustigi sem við sættum okkur ekki við. Allt tal nýrra fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um óbreytt útsvar eða lækkað er bara ávisun á frekari erfiðleika og verri þjónustu. Við viljum frekar meiri gæði og fá það sem borgað er fyrir.

Ég er stoltur Seltirningur og elska bæinn minn. Ég er ekki ein um það að finnst að margt mætti betur fara í bænum okkar. Ég hef raunar heyrð í mörgum bæjarbúum sem telja undanfarin ár hafi fremur einkennst af afturför frekar en framförum. Það auðvitað gengur ekki. Þess vegna gat ég ekki skorast undan að láta til mín taka þegar Framtíðarhópurinn hóf samtal um framfaramál á Seltjarnarnesi.

Að baki Framtíðinni stendur hópur Seltirninga með ólíka reynslu og bakgrunn, sem telur að með kjarki, gleði og nútímalegum stjórnunaraðferðum megi móta betra samfélag á Nesinu. Framtíðin býður fram lista til bæjarstjórnar á Seltjarnarnesi í kosningunum 14. maí 2022.

*Áslaug Ragnarsdóttir framkvæmdastjóri og frambjóðandi í 2. sæti á lista Framtíðarinnar.*

**Foreldrar  
verum samtaka**



# Útivistarreglurnar

**1. maí til 1. september**

---

**12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22**

**13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24**

**1. september til 1. maí**

---

**12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20**

**13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22**

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



**SAMAN**



Ríkislögreglustjórn



## Arnar Daði og Maksim áfram með Gróttuliðið



Þjálfarateymi Gróttu hefur framlengt samninga sína við Handknattleiksdeild Gróttu til þriggja ára. Arnar Daði Arnarsson verður áfram þjálfari meistaraflokks karla og honum til aðstoðar verður áfram Maksim Akbachev. Þjálfarnir hafa átt gríðarlega mikinn þátt í því að festa Gróttuliðið á meðal bestu liða landsins. Takmark næstu tímabila er að færast enn ofar í töflunni.

„Þetta er stór dagur fyrir Gróttu. Arnar Daði og Maksim hafa staðið sig frábærlega hérna á Nesinu og við lögðum okkur mikið fram við að halda þeim áfram. Það og að Birgir Steinn verður áfram í herbúðum okkar er stórt skref í þeirri vegferð að Gróttu berjist í efri helmingi deildarinnar“, sagði Arnkell Bergmann Arnkelsson varaformaður Handknattleiksdeildar Gróttu við undirritunina.

## Sjö stelpur í U15 ára landsliðinu



Helgina 23.-24. apríl fór fram æfingar hjá U15 ára landsliði kvenna. Gróttu átti hvorki fleiri né færri en sjö fulltrúa í hópnum að þessu sinni. Það eru þær: Arndís Áslaug Grímsdóttir, Dóra Elísabet Gylfadóttir, Elísabet Ása Einarsdóttir, Embla Hjaltadóttir, Helga Sif Bragadóttir, Margrét Lára Jónasdóttir og Marta Sif Þórsdóttir.

## Emelía og Lilja Lív léku með U17 í Írlandi

Lilja Lív Margrétardóttir og Emelía Óskarsdóttir léku með U17 ára landsliði Íslands í milliriðlum undankeppni EM 2022 í lok mars.

Liðið lék þrjá leiki undir stjórn Magnúsar Arnar Helgasonar. Í fyrsta leik gerði Ísland 1-1 jafntefli við Finnland en unnu síðan 1-0 sigur gegn Slóvakíu í öðrum leik sínum. Síðasti leikur stelpnanna var gegn Írlandi og vann Ísland glæsilegan 4-1 sigur, þar sem Emelía Óskarsdóttir skoraði eitt mark liðsins. Sigurinn dugði liðinu þó ekki, þar sem Ísland endaði í öðru sæti riðilsins, jafnt að stigum og Finnland en Finnland fór áfram þar sem þær voru með betri markatölu. Svekkjandi niðurstaða en engu að síður glæsilegur árangur hjá stúlkunum. Gróttu er hreykið af því að eiga flotta fulltrúa í liðinu og óskar Lilju, Emelíu og Magga til hamingju með árangurinn!



## Kjartan Kári og Orri Steinn léku með U19

Kjartan Kári Halldórsson og Orri Steinn Óskarsson léku með U19 ára landsliði Íslands í milliriðlum undankeppni EM 2022 í lok mars.

Liðið lék þrjá leiki og fóru þeir fram í Króatíu. Ísland tapaði sínum fyrsta leik 1-2 gegn Króatíu en Orri Steinn Óskarsson skoraði eina mark Íslands. Í öðrum leik liðsins gerði Ísland 1-1 jafntefli og var það aftur Orri Steinn sem skoraði eina mark Íslands. U19 ára landsliðið endaði svo mótið á glæsilegum 3-0 sigri gegn Rúmeníu og hafnaði í öðru sæti riðilsins með fjögur stig, en Rúmenía fór áfram í lokakeppni EM eftir að hafa endað í efsta sæti riðilsins með sex stig. Gróttu er hreykið af því að eiga flotta fulltrúa í liðinu og óskar Kjartani og Orra til hamingju með árangurinn!



**HEIMASÍÐA  
GRÓTTU  
grotta.is**

## Afmælimót í tilefni af 80 ára afmæli stofnanda Gróttu

Garðar V. Guðmundsson stofnandi Íþróttafélagsins Gróttu verður 80 ára gamall 19. maí n.k. Garðar er ekki aðeins stofnandi félagsins því hann sinnti einnig þjálfun margra flokka þess lengi vel og hefur síðan séð algerlega um þjálfun Old Boys Gróttu í 35 ár.



Af því tilefni heldur Gróttu afmælimót fyrir 50 ára og eldri þann 21. maí og hefst það kl. 10.15. Auk tveggja liða frá Gróttu taka þátt í mótinu lið KR, Breiðabliks, Þróttar og Keflavíkur. Leikið verður í tveimur riðlum og síðan leika liðin innbyrðis eftir sætum. Í lokin verða grillaðir hamborgarar ofan í mannskapinn.

## „Nesið hefur frábæran hugljóma“

Að frumkvæði bæjarstjórnar Seltjarnarness og Umhverfisstofnunar liggur fyrir ný tillaga að útfærslu skilmála fyrir friðlandið í Gróttu og nágrenni hennar við Seltjörn, sem unnin var af samstarfsnefnd þessara aðila. Gróttu var fyrst friðlýst 1974 að frumkvæði heimamanna. Tillaga samstarfsnefndarinnar hefur verið kynnt og rædd á fundi með bæjarfulltrúum og nefndarfólki í umhverfisnefnd og skipulags og umferðarnefnd bæjarins. Hún var all lengi í smíðum og einkennist af mikilvægi vestursvæðanna á Seltjarnarnesi fyrir mannlíf hér og í nágrannabyggðum. Ekki þarf að tíunda hér öll þau einkenni vestursvæðisins sem liggja þar að baki. Magnús Erlendsson fv. bæjarfulltrúi kemur orðum vel af upplifun fólks af vestursvæðinu 27. mars sl. í netfærslu á Íbúum Seltjarnarness: „Bæði menn og fuglar njóta að eiga athvarf á Nesinu“. Hann bætir svo við í annarri færslu „Myndirnar (Bryndísar Þorsteinsdóttur) sýna einkar vel hvað Nesið hefur frábæran hugljóma“. Undirrituðum finnst orðin hugljómi og hugljómun lýsa firna vel upplifun margra af vestursvæðunum, af lífinu þar, allri umgjörð náttúrunnar og inngróinni sögu Seltjarnarness.



Stefán Bergmann.

Í nýju tillögunni fyrir Gróttu og nánasta umhverfi er horft til framtíðar, grunnreglur settar og sérstakri samstarfsnefnd falin gerð stjórnunar og verndaráætlunar innan ramma skilmála um svæðið. Þetta gefur tækifæri til breytinga á áætluninni ef þörf krefur. Svæðið er allt opið umferð gangandi fólks, en Gróttu sjálf er lokuð á varptíma eins og verið hefur. Takmarkanir á Seltjörn ná aðeins til truflandi umferðar farartækja á varptíma. Nýja tillagan er komin til bæjarstjórnar sem tekur ákvörðun um hvort hún fari í auglýsingu og 6 vikna kynningar og umsagnarferli eins og lög gera ráð fyrir. Þá getum við öll sett fram okkar athugasemdir og ábendingar. Í framhaldinu tekur ný bæjarstjórn afstöðu til ábendinga sem fram hafa komið og endanlega afstöðu.

Stefán Bergmann er í umhverfisnefnd Seltjarnarness.

**GETRAUNANÚMER GRÓTTU**

**170**

GETRAUNIR.IS

## NJÓTTU VORS OG SUMARS



Drekktu í þig lífsorkuna. Lífríkir og hollir drykkir og allskonar góðgæti af bestu gæðum.



Ein létt fyrir sumarið? 3 mm Asanas korkjógadýna er frábær ferðafélagi.



Fjölvitamínblöndur. Allar með jöði Almenn, fyrir heila, fyrir grænkeru og fyrir íþróttafólk. Viridian er alltaf framúrskarandi virkt og hreint.

Bættu við eigin steini/kristal Töfrandi vatnsflöskur með kristöllum. Bættu þínum eigin við úr íslenskrri náttúru.



Afgreiðslutími:  
Mán: 11-16  
Þri-fös: 11-18  
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367

# Fjölskyldudagur Sjálfstæðisflokksins

Laugardaginn 30. apríl  
klukkan 12.00-15.00  
Austurströnd 3

Þér er boðið!

Pylsur, blöðrur, leikir og skemmtiatriði  
Sjáumst á Austurströnd, öll velkomin!



**D**

**Nýr kraftur á  
traustum grunni**